

Tálknafjarðarvegur 617 á fjárhagsáætlun Vegagerðarinnar 2026

Heimastjórn Tálknafjarðar fer þess á leit við Vegagerðina að ofaniburður og annað viðhald á Tálknafjarðarvegi 617 verði sett á fjárhagsáætlun Vegagerðarinnar árið 2026. Vegurinn er farinn að láta mjög á sjá þar sem um 20-25 ár eru liðin síðan síðast voru unnar endurbætur á veginum. Þá var vegurinn byggður upp og borið ofan í hann frá Hrauni og útundir Litla-Laugardal og eftir þá viðgerð hélst vegurinn þokkalegr lengi vel en nú er farið að halla mikið á ógæfuhliðina.

Ástand vegarins frá Hrauni og að Pollinum er orðið verulega slæmt, allur ofaniburður er nánast horfinn og gróft undirlag komið upp. Þegar vegurinn er heflaður helst hann í lagi í nokkra daga en mjög fljótlega detta í hann holur og hann verður jafnslæmur eftir sorglega stuttan tíma. Bæði heimamenn og ferðamenn kvarta sáran undan ástandi vegarins og ljóst er að grípa verður til aðgerða sem allra fyrst.

Ástand vegarins frá Polli og út að Stóra-Laugardal er lítið skárna en þó virðist sá kafli ekki alveg eins fljótur að detta í holur og kaflinn fyrir innan Poll. Þessum vegarkafli er hins vegar hættara við að blotna upp í úrkomu sem bendir til að undirlag hans sé ekki alveg nógu gott. Einnig þarf að lagfæra steipt yfirborð á brúnni yfir Stóra-Laugardalsá þar sem það er farið að brotna upp og komnir hættulegir kantar í steypuna á brúnni. Vegarkafllinn fyrir utan Stóra-Laugardal er hins vegar í góðu ástandi eftir lagfæringar á síðustu 4-5 árum og er gott dæmi um malarvegi sem geta haldist þokkalegir með góðum ofaniburði og reglulegri heflun.

Heimastjórn Tálknafjarðar hvetur Vegagerðina til að setja viðhald þessa vegarkafli á fjárhagsáætlun ársins 2026 til að koma honum í gott horf, bæði fyrir heimamenn og ferðafólk sem stundar Pollinn og nýtir þær fjölmörgu gönguleiðir og útivistarparadísir sem víða er að finna í Tálknafirði utanverðum. Gott lag af ofaniburði og góð heflun ásamt bleytingu mun gera kraftaverk á þessum vegi og lagfæringin mun endast í einhver ár.

Viðhald þessa vegarkafli er sérlega nauðsynlegt í ljósi þess að þann 12.ágúst 2026 verður almyrkvi á sólu á Íslandi og einn af þeim stöðum sem almyrkvinn mun sjást vel er utanverður Tálknafjörður svo sem á Bakka eða á Sellátrum sem eru tveir ystu bæir í vegasambandi í Tálknafirði. Það er því mjög nauðsynlegt að fá þessar lagfæringar á Tálknafjarðarvegi 617 gerðar sem allra fyrst sumarið 2026 þannig að vegurinn verði í sem bestu ástandi í ágúst þegar búist er við gríðarlegri umferð á sunnanverða Vestfirði. Sem dæmi um áhuga ferðafólks þá er allt gistirými á sunnanverðum Vestfjörðum upp pantað þessa daga sumarið 2026 og því ljóst að mikið af fólki verður hér af þessu tilefni.

Umferðartalning á þessum vegkafla var gerð sumarið 2018 og aftur sumarið 2024. Talið var á þremur stöðum sumarið 2018:

1. Sunnan/austan við vegamót að Pollinum.
2. Norðan/vestan við Stóra-Laugardal.
3. Á veginum upp að Pollinum sjálfum.

Sumarið 2018 var umferðin á þessum mælipunktum sem hér segir¹:

1. ÁDU = 70, SDU = 120 og VDU = 35

¹ Upplýsingar úr tölvupósti frá Friðleifi Inga Brynjarssyni, Vegagerðinni, dags.29.02.2024

2. ÁDU = 15, SDU = 30 og VDU = 10
3. ÁDU = 80, SDU = 145 og VDU = 45

Sumarið 2024 var talið á þremur stöðum:

1. Austan við Litla-Laugardal (stöð 2300) (rétt innan við Pollinn)
2. Vestan við Litla-Laugardal (stöð 2600) (rétt vestan við Pollinn)
3. Vestan við Stóra-Laugardal (stöð 4300) rétt vestan við kirkju og kirkjugarð)

Umferð á hverri þessari stöð mældist sem hér segir²:

Stöð 2300

1. ÁDU = 45 (ökutæki á sólarhring) Meðalumferð á dag alla daga ársins
2. SDU = 110 (ökutæki á sólarhring) Meðalumferð á dag í sumarmánuðunum júní til og með sept.
3. VDU = 5 (ökutæki á sólarhring) Meðalumferð í vetrarmánuðum janúar til og með mars + desember sama ár.

Stöð 2600

1. ÁDU = 15 (ökutæki á sólarhring) Meðalumferð á dag alla daga ársins
2. SDU = 40 (ökutæki á sólarhring) Meðalumferð á dag í sumarmánuðunum júní til og með sept.
3. VDU = 2 (ökutæki á sólarhring) Meðalumferð í vetrarmánuðum janúar til og með mars + desember sama ár.

Stöð 4300

1. ÁDU = 10 (ökutæki á sólarhring) Meðalumferð á dag alla daga ársins
2. SDU = 25 (ökutæki á sólarhring) Meðalumferð á dag í sumarmánuðunum júní til og með sept.
3. VDU = 1 (ökutæki á sólarhring) Meðalumferð í vetrarmánuðum janúar til og með mars + desember sama ár.

Mælingar sumarsins 2024 bera vitni um slæmt ferðamannasumar hér í Tálknafirði en gefa þó einhverjar vísbendingar um þá umferð sem fer um Tálknafjarðarveg 617 alla jafna. Mesta umferðin er í Pollinn en þó er töluverð umferð að Stóra-Laugardal þar sem er kirkjustaður og kirkjugarður Tálknfirðinga. Einnig eru sjö sumarhús á jörðunum frá Polli og út að Sellátrum og er yfirleitt dvalið í þeim öllum meira og minna allt sumarið og ásókn í þau eykst hratt. Einnig eru vinsælar gönguleiðir yfir í Arnarfjörð út með Tálknafirði og töluverð umferð þeim tengd.

Heimastjórn Tálknafjarðar hvetur Vegagerðina til að leita allra leiða til að koma þessum bráðnauðsynlegu vegabótum á Tálknafjarðarvegi 617 á fjárhagsáætlun á árinu 2026 og vonast eftir góðri úrlausn.

² Upplýsingar úr tölvupósti frá Friðleifi Inga Brynjarssyni, Vegagerðinni, dags. 24.07.2024